**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára**
**sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2023–2025**

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Ríkisaðili** | **Menntaskólinn við Sund Gnoðarvogi 43, 104 Reykjavík, kt. 700670-0589** | **Ráðuneyti** | **Mennta- og barnamálaráðuneytið** |
| **Ábyrgðaraðili** | *Helga Sigríður Þórsdóttir* | | |

| | |
|---|---|
| **A** | **Kjarnastarfsemi** |
| | Skólinn er áfangaskóli með þriggja anna kerfi sem býður upp á nám á þremur námsbrautum: félagsfræðabraut, náttúrufræðabraut og starfsbraut. Allt nám er í staðnámi. Í námskrá MS er lögð áhersla á skapandi nám þar sem einstaklingar fá að njóta sín í verkefnabundnu og samvinnutengdu námi. Nemendur fá tækifæri til að afla sér þekkingar, leikni í að vinna með hana og hæfni til að nýta með ólíkum hætti. Unnið er út frá kenningu um að byggja upp námskraft nemenda (Building Learning Power).<br><br>Stefna skólans kallar á námsvenjur þar sem ábyrgð nemenda á eigin námi, mæting, virkni og þátttaka gegna lykilhlutverki. Mikilvægt er að nemendur vinni jafnt og þétt, ástundi heiðarleg vinnubrögð og þjálfi með sér þrautseigju þar sem mistök eru eðlilegur hluti af námsferlinu. Skólinn hvetur kennara til nýbreytni- og þróunarstarfs þar sem horft er bæði til innihalds náms og námsumhverfis.<br><br>Skólinn leggur áherslu á að hrinda í framkvæmd áherslum mennta- og barnarmálaráðuneytis á hverjum tíma með því að setja fram aðgerðaáætlun til að draga úr brotthvarfi, með því að leggja áherslu á velferð og forvarnir, efla veg skapandi greina og með því að bjóða nemendum upp á sveigjanleika í sínu námsvali og námshraða. Þessar áherslur birtast m.a. í skólanámskrá og í markmiðum í þessu stefnumótunarskjali. |
| | **Markmið, mælikvarðar og aðgerðir** |

| Nr. | Markmið | HM | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2021 | Viðmið 2023 | Viðmið 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Mælanleg markmið grænfánaverkefnisins | Greinagerð verkefnisins | Verkefni í undirbúningi | Viðhalda grænfána | 2 fánar |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **A1** | Auka umhverfisvitund nemenda og starfsmanna | 11 og 12 | Virk umhverfisnefnd nemenda | Framhaldsáfangi í umhverfisnefnd | 7 nemendur tóku virkan þátt | 10 nemendur taki virkan þátt | Áfangi alltaf í boði |
| | | | Magn flokkaðs úrgangs frá skólanum | Gögn frá Gámafélaginu | 72,5% | 73% | 75% |
| **Tengist markmiði málaflokks** | | | | | | | |
| *Inntak markmiðs*<br>*20.1 Að auka gæði menntunar. Að íslenskt menntakerfi geti tekist á við hnattrænar og félagslegar áskoranir framtíðar* | | | | | | | |
| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | | | | | **Upphaf** | **Endir** |
| **A1.1** | Umhverfisvika nemenda og starfsfólks apríl 2023 | | | | | 2022 | X |
| **A1.2** | Virk umhverfisnefnd | | | | | 2021 | 2025 |
| **A1.3** | Grænskref í ríkisrekstri og grænfánaverkefnið fléttuð inn í gæðakerfi skólans | | | | | 2023 | 2024 |
| **Nr.** | **Markmið** | **HM** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2021** | **Viðmið 2023** | **Viðmið 2025** |
| **A2** | Að halda brotthvarfi lágu | 3, 4 | Brotthvarfsmælingar yngri og eldri nemenda | Brotthvarfsmæling-ar MRN og MS | 2% | 1-2% | 1-2% |
| | | | Útskriftarhlutfall eftir þriggja ára nám | Gögn úr Innu | 73% | 73% | 74% |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | Vellíðan nemenda | Framhaldsskóla-púlsinn | Ekki til gögn | 5+ | 5+ |
| **Tengist markmiði málaflokks** | | | | | | | |
| *20.1. Samhæfð þjónusta fyrir viðkvæma hópa – Fjölga nemendum sem ljúka prófi á tilskildum tíma* | | | | | | | |
| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | | | | | **Upphaf** | **Endir** |
| **A2.1** | Byggja upp seiglu nemenda með markvissri innleiðingu á stefnu skólans um að byggja upp námskraft nemenda | | | | | 2015 | 2027 |
| **A2.2** | Efling stoðþjónustu með hópráðgjöf á fyrsta og þriðja námsári – áfanginn Krossgötur | | | | | 2023 | 2027 |
| **A2.3** | Samhæft eftirlit með nemendum í brotthvarfshættu og gerð brotthvarfsskýrslu | | | | | 2021 | 2027 |
| **Nr.** | **Markmið** | **HM** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2021** | **Viðmið 2023** | **Viðmið 2025** |
| **A3** | Auka gæði menntunar í skólanum | 4 | Ánægja nemenda með kennslu í áföngum | Kennslukönnun | Viðmið skilgreind | 80% | 80% |
| | | | Ánægja nemenda með aðstöðu til náms- og kennslubúnað | Kennslukönnun | Viðmið skilgreind | 80% | 80% |
| | | | Fjöldi starfsfólks sem sinnir virkri starfsþróun | Skýrslur verkefnisstjóra og önnur skráning | Viðmið skilgreind | Að allir taki þátt í a.m.k tveimur | Að allir taki þátt í a.m.k tveimur |

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | starfsþróunar verkefnum | starfsþróunar-verkefnum, 50% taki þátt í þremur eða fleiri |

**Tengist markmiði málaflokks**

*20. Tryggja gæði náms og kennslu*

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | Upphaf | Endir |
|---|---|---|---|
| **A3.1** | Starfshópur um innleiðingu leiðsagnarnáms | 2022 | 2023 |
| **A3.2** | Innleiðing gæðakerfis | 2022 | 2027 |
| **A3.3** | Komið á nemendaskiptum í gegnum Erasmus+ | 2022 | 2027 |

| B | Rekstrarþættir |
|---|---|
| | Haustið 2022 eru við nám og störf 737 nemendur og 73 starfsmenn.<br><br>**Skipurit skólans er að finna á heimasíðu hans. Þar er starfsemi skólans skipt niður í yfirstjórn og 2 svið: Kennslusvið og þjónustusvið:**<br><br>Virkir starfsmenn á haustönn 2022 eru 73 talsins í 64,72 stöðugildum. 70% starfsmanna eru konur og 30% karlar. Við skólann starfa 54 einstaklingar á kennslusviði í 46,52 stöðugildum, þar af eru 38 konur í 32,8 stöðugildum og 16 karlar í 13,7 stöðugildum. Átta kennarar sinna einnig fagstjórn samhliða kennslu (allir kvk). Alls hafa 3 kennarar ekki kennsluréttindi í 1,5 stöðugildi. Meðalaldur kennara eru um 50 ár. Aldursdreifing er eftirfarandi:<br><br>• 29 – 40 ára – 12 kennarar<br><br>• 41 – 50 ára – 18 kennarar<br><br>• 51 – 60 ára – 11 kennarar<br><br>• 61 – 66 ára – 13 kennarar<br><br>Í yfirstjórn eru fjórir: rektor (kvk 50 ára), konrektor (kvk 50 ára), kennslustjóri (kvk 36 ára) og námsbrauta- og námskrárstjóri (kk 58 ára). Annað starfsfólk á þjónustusviðið alls 14 starfsmenn eru skrifstofustjóri (kvk 58 ára), fjármálastjóri (kvk 65 ára), forstöðumaður bókasafns (kvk 48 ára), 3 náms- og starfsráðgjafar (kvk, 64 ára, 44 ára og 35 ára), 1 brautarstjóri starfsbrautar (30%) sem jafnframt er kennari (70%), þroskaþjálfi (kvk 38 ára), 2 stuðningsfulltrúar í 60% starfshlutfalli þar sem annar (kvk, 25 ára) er tómstundafræðingur og sinnir félagsmálum í 40% starfi og hinn (kk 23 ára) starfar einnig á bókasafni og við húsvörslu í (40% starfi), tölvuumsjónarmaður (kk 50 ára), umsjónarmaður fasteigna (kk 62 ára), 2 þjónustufulltrúar (kvk 59 ára og kk 48 ára) annar á skrifstofu og hinn í baðvörslu í íþróttahúsi, einn þjónustuliði (kk 29 ára) ráðinn í gegnum Vinnumálastofnun.<br><br>**Skólinn hefur sett sér stefnur** í samræmi við ákvæði laga um framhaldsskóla og eru þær í stöðugri endurskoðun. Lögð er mikil áhersla á starfsþróun kennara, starfendarannsóknir og að efla starfsmannastjórnun. Skólinn hefur lokið við fimmta græna skrefið í ríkisrekstri, er grænfánaskóli frá maí 2022 og fékk jafnlaunavottun í júní 2022. Allar stefnur skólans má finna á heimasíðunni og eru þær hluti af skólanámskránni. **Í skólanum starfar gæðaráð** sem fer með innra mat skólans og eftirfylgni jafnlaunastefnu. Ytri úttekt var gerð á skólanum haustið 2019 og er hún birt á vef skólans ásamt aðgerðaráætlun. Skólinn hefur undanfarið ár þurft að fara í gegnum endurskipulagningu námsbrauta og verkefnastjórnar vegna hagræðingar í rekstri samtímis sem gætt hefur verið að því að auka þjónustu við nemendur í takt við stefnu stjórnvalda um að auka velsæld. Rekstur starfsbrautar er nýtt verkefni innan skólans og er það markmið skólans að sinna henni af fagmennsku, gæta þarf þess að nægjanlegu fjármagni verði veitt til málaflokksins.<br><br>**Útgjöld:** Reiknað var með að rekstrargjöld skólans yrðu um 1100 mkr. og skiptast þau þannig að 73% eru laun og launatengd gjöld, 23% húsnæðiskostnaður, 1% aðkeypt þjónusta og 1% ýmis annar rekstrarkostnaður. |

**Stefnumiðuð áætlun til a.m.k. þriggja ára**
**sbr. 31. gr laga um opinber fjármál**

**Tímabil áætlunar: 2023–2025**

| | **Markmið, mælikvarðar og aðgerðir** | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **Nr.** | **Markmið** | **Mælikvarðar** | **Gögn til grundvallar** | **Staðan 2021** | **Viðmið 2023** | **Viðmið 2025** |
| **B1** | Aukin skilvirkni í skólanum | Viðhorf nemenda og kennara til Innu | Þjónustukönnun | Innleiðing ekki hafin | 65% ánægja | 80% ánægja |
| | | Útgáfa fréttabréfa | Gögn úr Starfsmannahand-bók | Vikulegar hugleiðingar rektors | Vikuleg fréttabréf til starfsfólks og mánaðarleg til nemenda | Vikuleg fréttabréf til starfsfólks og mánaðarleg til nemenda |
| | | Fjöldi starfsmannasamtala | Starfsmannasamtöl | Ekki til staðar | Allt starfsfólk skólans fer í árleg starfsmannasamtöl | Allt starfsfólk skólans fer í árleg starfsmannasamtöl |

| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | **Upphaf** | **Endir** |
|---|---|---|---|
| **B1.1** | Kennsla í upplýsingatækni í áfanganum Krossgötur á 1. námsári | 2022 | - |
| **B1.2** | Innleiðing nýs kennslukerfis | 2022 | 2023 |
| **B1.3** | Bætt upplýsingaflæði með vikulegum fréttabréfum til nemenda og starfsfólks | 2021 | - |

| Nr. | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2021 | Viðmið 2023 | Viðmið 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **B2** | Aukin starfsánægja | Ánægja í starfi | Stofnun ársins/starfsmanna-samtöl | 4,26 | 4,3 | 4,3 |
| | | Upplifun starfsfólks af jafnrétti á vinnustaðnum | Stofnun ársins/starfsmanna-samtöl | 4,25 | 4,27 | 4,3 |
| | | Ánægja með vinnuskilyrði | Stofnun ársins/starfsmanna-samtöl | 3,85 | 3,9 | 4,0 |

| Nr. | Verkefni/aðgerðir | Upphaf | Endir |
|---|---|---|---|
| **B2.1** | Innleiðing starfsmannasamtala | 2022 | 2023 |
| **B2.2** | Gerð samskiptasáttmála | 2022 | 2023 |
| **B2.3** | Endurbætur á vinnuaðstöðu | 2022 | 2025 |

| Nr. | Markmið | Mælikvarðar | Gögn til grundvallar | Staðan 2021 | Viðmið 2023 | Viðmið 2025 |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | Bætt stjórnun auðlinda | Notkun gátlista við innkaup og viðhald | Útfylltir gátlistar | Innleiðing ekki hafin | Viðmið skilgreind | - |

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **B3** | | Fjöldi vinnustunda sem falla niður vegna endurtekinnar kennslu sama áfanga | Vinnumat í Innu | Innleiðing ekki hafin | Viðmið skilgreind | - |
| | | Fjöldi skipta sem þráðlaust netsamband rofnar | Upplýsingar úr netþjónum | Innleiðing ekki hafin | Viðmið skilgreind | - |

| **Nr.** | **Verkefni/aðgerðir** | **Upphaf** | **Endir** |
|---|---|---|---|
| **B3.1** | Verklag um innkaup og viðhald á búnaði skráð | 2023 | 2025 |
| **B3.2** | Að kennari kenni fleiri en einum hópi sama áfanga á sömu önn | 2022 | 2024 |
| **B3.3** | Bætt þráðlaust netsamband í skólanum | 2022 | 2023 |